

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Óveruleg breyting á deiliskipulagi fristundabyggðarinnar í Sléttuhlíð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa 28. maí 2025, í samræmi við heimildir til embættismannaafgreiðslu, að málsmeðferð breytingarinnar fari skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga.

Fallið var frá grenndarkynningu þar sem sýnt var að breytingin varði ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og umsækjanda.

Breytingin felst í að bætt er við ákvæði fyrir lóð B-0 um að heimilt verði að gera aðkomu að húsi í gegnum opið rými á neðri hæð með það að markmiði að vernda sérstakt landslag lóðarinnar.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 2. júní 2025.

F.h. skipulagsfulltrúa,
Berglind Guðmundsdóttir landslagsarkitekt.

B deild - Útgáfudagur: 18. júní 2025